

FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. TBL. 33. ÁRGANGUR 2016



Stangveiðifélag Keflavíkur

Hafnargötu 15 eh • 230 Keflavík • Sími: 421 2888

Heimasíða og vefverslun: svfk.is • Netfang: svfk@svfk.is

Söluskrá 2016

Umhverfisvænni díselolía hjá Olís

VLO í hnotskurn

- Vetrisméðhöndlun skilar hreinni lífrænni olíu en áður hefur þekkt.
- Stuðlar að hreinni og betri bruna sem skilar hreinni vél.
- Skilar sama afli og venjulegt dísel.
- Er mjög kuldabolið og geymist vel, jafnt í hita sem kulda.

Nánari upplýsingar á olis.is



Vetrisméðhöndluð lífræn olía

FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. tbl. 33. árgangur 2016

Útgefandi:
Stangveiðifélag Keflavíkur

Ritnefnd:
Stjórn félagsins
Svavar Ellertsson

Auglýsingar:
Stjórn félagsins

Hönnun:
Svavar Ellertsson

Prentun:
Staparent



Forsíðumyndin að þessu sinni er frá Geirlandsá
Ljósmynd: Arnar Óskarsson.

Allar myndirnar í blaðinu eru birtar án þess að höfundar sé getið. Ástæðan er sú að ritnefnd hefir fengið sendar myndir frá félagsmönnum jafnvel án þess að vita hver eigandinn er og því síður hver smelti af. Hér með er þakkað fyrir afnotin. Jafnframt viljum við hvetja veiðimenn til að taka enn fleiri myndir á komandi veiðitímabili.

Náttúran og veiðimaðurinn

Heilir og sælir félagar í Stangveiðifélagi Keflavíkur.

Í gegnum árin hefur það oft læðst inn í hugann hversu mikil forréttindi það eru að vera við veiðar og í leiðinni kynnast náttúrunni og sjá alla þá fegurð sem landið okkar hefur upp á að bjóða.

Við gleymum okkur stundum við veiðarnar en lítum síðan upp og oftast en ekki þá staldrar maður við og dáist að einhverri fallegri landslagsmynd sem maður hefur jafnvel margt horft á áður og dáðst að en fær aldrei nóg af að horfa á, eða jafnvel vera staddur á stað sem aldrei áður hefur verið heimsóttur og sjá í fyrsta skipti einhverja ótrúlega kynjaveru standa fyrir framan mann í formi klettamyndar.

Við veiðimenn og konur höfum oft orðið vör við að ekki þarf að fara langt út af okkar aðal þjóðvegi til þess hreinlega að vera komin í nýjan heim og sjá hluti sem voru kannski huldur á bak við hæðina við veginn eða klettanefið sem vegurinn út af þjóðveginum liggur á bakvið. Þetta eru stóru kostirnir við veiðina að mínu mati, að geta notið þess sem landið okkar hefur upp á að bjóða og gera það um leið og staðið er við veiðar, er hægt að biðja um meira.

Erlendir ferðamenn sem hingað streyma í auknum mæli hafa uppgötvað hvaða perlu eru víðvegur um allt land, skiptir ekki orðið máli um hvaða tíma árs er að ræða þar sem vitneskjan um óspillta og ómengaða náttúru dregur að. Margir af þessum ferðamönnum koma frá erlendum stórborgum, þar sem jafnvel ekki er í boði nema fyrir vel efnað fólk að komast í ósnerta náttúru, ef hún er þá til staðar.

Ef við hugsum aðeins meira um þessa staðreynd þá ættum við að velta því aðeins meira fyrir okkur hvort að það sé ásættanlegt fyrir okkur sem búum á þessu landi að erlendir ferðamenn hafi séð meira og farið víðar um landið en við sjálf. Við megum ekki telja náttúruna okkar vera svo sjálfsagða að við hreinlega gleymum henni og verðum að minna okkur á að við eigum eitt fallegasta og stórbrotasta land í heimi, sem útlendingar keppast við að koma og skoða. Á sama tíma, þá er þetta þannig fyrir okkur að við megum ekki vera að því að ferðast og skoða eða hreinlega nennum því ekki.

Þá komum við aftur að því hvað við veiðimenn erum heppnir. Af þeirri einskæru heppni að við höfum gaman af því að veiða, þá höfum við fengið með í kaupbæti íslenska náttúru og því sem henni fylgir. Þannig að með okkar kaupum á veiðileyfum, þá fylgir bónuspakki hvort sem okkur líkar betur eða verr. Án þess að flest okkar hafi gert okkur grein fyrir því, þá er það þessi sterka upplifun af náttúrunni sem togar í okkur aftur og aftur til veiða. Að sjálfsögðu teljum við okkur trú um að veiðbakterían hafi heltekið okkur og jafnvel það þó að við höfum komið fisklaus heim. Við bara hreinlega verðum að fara og kaupa okkur veiðileyfi aftur þar sem bakterían er á háu stigi. Ég ætla að leyfa mér að segja að náttúran hafi bitið okkur og smitað okkur af Íslandi.

Eins og stendur eru allir samningar í góðum málum en það fer að líða að því að endurnýja þurfi leigurétti, eins og endranær horfum við til velvildar þeirra veiðiréttareigenda sem við eigum í samningum við. Er það að sjálfsögðu stærstu áhyggjuefni hvers veiðifélags að samningar náist um veiðisvæði, svo þörfum félagsmanna verði mætt um veiðisvæði sem henti hverjum og einum. Á síðustu árum hefur félaginu tekist vel til að halda þeim veiðisvæðum sem staðið hafa til boða félagsmönnum, en það er ekki sjálfgefið eins og málum er háttað hér á landi þegar kemur að útboðum og leigumálum.

Veiðin á svæðum félagsins var mjög góð í fyrra og ber þar hæst



að nefna metveiði í Reykjadalá sem kom ótrúlega vel út miðað við veiði í öðrum ám í Borgarfirðinum. Þá var góð veiði í Fos-sáalum og Geirlandsá og mikið af sjóbirtingi til staðar þegar árnefndarmenn voru að störfum við lokun þar. Ætti þetta að segja okkur að félagið er að gera rétta hluti á þessum veiðisvæðum og ekki gengið að stofnum á neinn hátt. Höfum við lagt mikið upp úr því að vera ekki að trufla náttúruna með einhverjum inn-gripum þannig að sjálfsbærni er algjör á okkar svæðum.

Að venju var starfsemi félagsins mikil á liðnu ári en auðvitað líkt og í öllu er alltaf hægt að gera betur. Gott er að fá ábendingar um hluti sem betur mega fara eða nýja hluti sem hægt er að gera og erum við mjög opnir fyrir slíkum hlutum. Einnig er rétt að benda á að alltaf eru til pláss í nefndum fyrir duglega menn og konur sem áhuga hafa á.

Eins og endranær þá er það hann Svavar Ellertsson sem ritstýrir þessu glæsilega blaði af miklum myndarskap. Hefur hann verið ómetanlegur í því starfi að halda blaðinu gangandi en það er mikil vinna sem liggur að baki svona blaði bæði við uppsetningu og öflunar efnis. Þá hefur Arnar Óskarsson gjaldkeri einnig staðið í ströngu við uppsetningu, öflunar efnis og ýmsu er tengist blaðinu og má segja að hann hafi verið hægri hönd Svavars, á hann allar þakkir skyldar fyrir hans framlag.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa rétt okkur hjálparhönd og stutt félagið, en það er alveg ómetanlegt fyrir félög að eiga góða að þegar vantar.

Stjórnarfélagi, nefndarmönnum og veiðiréttareigendum vil ég þakka gott samstarf á nýliðnu ári.

Hafið gott veiðiár.
Gunnar J. Óskarsson

Óskum veiðimönnum ánægulegra daga við ár og vötn landsins og góðrar heimkomu



Allt krefst orku

Að ná í bráðina, matreiða hana eða geyma hana. Fyrir mestu að hafa orku til taks því orka er einfaldlega líff.

www.hsorka.is





Stjórn félagsins opnaði Grenlæk sv 4 þann 13.-15. maí

Það var ágætisveður á svæðinu þegar stjórn félagsins mætti á staðinn. Menn voru vongóðir um að setja í fisk þar sem fréttir af opnun árinna lofuðu góðu. Það gekk eftir og var mikill og fallegur fiskur á öllu svæðinu. Sett var í um 140 fiska af öllum stærðum og var megninu sleppt aftur eins og reglur segja til um.

Það er skemmst að segja frá því að mjög vel veiddist á svæðinu fram undir mánaðarmót maí/júní.

Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY.

VERKFERA
SALAN

Síðumúla 11 - Sími 560-8888 - Opið virka daga 8 til 18 - Laugardaga 10 til 14 - www.vfs.is



Frá veiðimönnum...

3.-6. júlí Vesturhópsvatn í rjómabliðu

Magnús Guðlaugsson fór í Vesturhópsvatn. Hann lét vel bæði af aðstöðunni og veiðinni. Rjómabliða var allan tímann og náðust 23 fiskar, fimm pund stærst. Aflinn var veiddur á maðk af bátum en það reyndist vel að draga hann hægt á bátum með léttum mótör.

14. júlí Reykjadalssá

Brynjar Hólm, Svenni Orms og fjöldskylda hófu veiðar í morgun 14 júlí og fengu þrjá laxa og var einn grálúsugur þannig að laxinn er á ferð um ána, einn fékkst í Klettsfossi nr 2, annar fékkst í Torfbug nr 24 og sá þriðji í Hellufljóti nr 25, lax kominn upp um alla á.

15. júlí Reykjadalssá

Brynjar Hólm og fjöldskylda enduðu í hádeginu með 8 flotta laxa. Fengu 4 í morgun og svo komu tveir flottir eftir hádegi, sem sagt 10 laxar á tveimur dögum.

15. júlí Reykjadalssá

Fyrsta vaktin búin hérna í Reykjuni, 2 laxar á land og misstum einn í viðbót. Tóku allir í Hellufljóti nr. 25. Sá stærri var 70 cm og hinn 57 cm. Kveðja, Rafn Edgar Sigmarsson.



Hann er á í Ármótunum í Geirlandsá.

18 júlí Reykjadalssá

Ragnar Veigar Helgason og félagar voru að hætta í hádeginu eftir einn dag og fengu þeir 5 laxa og misstu 2, laxinn er á ferðinni þessa dagana og veiddist hann upp í nr 25 Hellufljóti, þeir fengu tvo í Klettsfossinum, einn í Mjóanesál, einn í Breiðaflljóti og einn í Tunnubakka.

Sigmar Rafnsson og co voru í tvo daga á undan þeim og lönduðu 6 löxum,

einum í Mjóanesál, einum í Ásgarðsfljóti og þremur í Hellufljóti, ekki viss hvar sá sjötti fékkst. Eins og við sjáum er laxinn farin að veiðast á þó nokkrum stöðum sem er mjög ánægjulegt, sennilega komnir ca 25 laxar á land á ekki svo mörgum dögum. Frábært og vonandi heldur þetta áfram í júlí.

4. ágúst Sjóbirtingurinn mættur í Jónskvísl

Frést hefur af veiðimönnum sem voru við veiðar í Jónskvísl á mánudag og þriðjudag.

5 sjóbirtingar á bilinu 3 - 8 pund komu á land ásamt vænni bleikju. Fiskarnir veiddust bæði á maðk og spún. Það eru góðar fréttir að heyra af góðri veiði svona snemma í ágúst og vonandi er þetta fyrirboði góðrar sjóbirtingarveiði í Jónskvísl og Grenlæk.

Uppfært: Við vorum að fá þær fréttir frá hópnum að á morgunvaktinni þá lönduðu þeir 4 sjóbirtingum til viðbótar. Sjóbirtingarnir voru af stærðinni 3 - 6 pund.

6. ágúst Reykjadalssá

Komnir yfir 70 laxar á land sem er mjög gott það sem af er en sídasta sumar voru komnir um 30 laxar þann 13. Ágúst. Áin endaði í 175 löxum í fyrra. Veiðin hefur verið mjög góð og hafa verið veiðst laxar á hverjum degi. Hollið sem var 3.-5. Ágúst, en þar voru Sigmar Rafnson og félagar, enduðu í sjö löxum, fjórir úr Holunni, einn í Klettsfljóti og tveir úr Eyjafljóti. Mídad við ganginn undanfarið ætti Reykjan að enda í metttölum þegar upp er staðið. BARA FLOTT.

13. ágúst Mokveiði í Reykjadalssá

Davíð Eyrbekk og félagar eru við veiðar í Reykju og á fyrstu vakt um kl 21 voru komnir 12 laxar á land og fengust þeir í Grimstaðfljóti og Breiðaflljóti. Vonandi fáum við myndir á síðuna frá þeim félögum. Reykjan er því komin í 105 laxa. Gerist ekki betra og held að það gæti orðið metveiði er upp er staðið eftir tímabilið, en eins og allir þekkjá er besti tíminn eftir í okkar perlu.

11-13 ágúst Hrolleifsdalssá

46 fiskar á land, þar af 2 laxar. Bleikjan er að ganga af miklum krafti og veiddist fiskur um alla ána. Bleikjan er almennt stærri en hún hefur verið síðastliðin ár. Báðir laxarnir tóku hina mögnuðu silungaflogu Krókinn. Ögmundur Erlendsson

15-17 ágúst í Hrolleifsdalssá

Tveir laxar 4 og 8 pund, 9 bleikjur og 5 urriðar fengust í þessari ferð. Lítið var til af grillkjöti í kaupfélaginu á Króknum þannig að aflinn var flakaður og grillaður, frábær svona nýr fiskur á grillið.

Það eru komnir 16 laxar úr ánni og um 130 silungar.

Takk fyrir okkur, Þórir Valdimar Indriðason

24. ágúst Reykjadalssá

Guðjón S Rúnarsson og félagar eru við veiðar í Reykju og voru komnir með 11 laxa eftir tvær vaktir. Frábært hjá þeim. Sagði hann að í hádeginu í dag þann 24 ágúst væri komnir 157 laxar á land, sem er frábært.

25.-27. ágúst. Reykjadalssá

15 laxar í síðasta holti hjá Hafsteini Rúnari Helgasyni og félögum.

25 hjá Guðjóni og félögum í hollinu á undan. 40 laxar í tveim hollum og ekki hægt að hafa það betra. Allt í góðu. Heildarveiði á hádegi þann 27 ágúst samtals 186 laxar.

30. ágúst Fossálar

Við strákarnir (Sigurður, Arthur og Kristinn) skruppum í Fossála á fimmtudaginn 27. ágúst. Urðum varir við fisk neðarlega á veiðisvæðinu þar sem Syðri áll mætir aðal ánni. Veiðistaður nr.16 var mjög líflægur og talsvert af fiski þar sem sýndi sig reglulega. Það var hins vegar mjög erfitt að plata birtinginn til að taka flugurnar okkar.

Arthur náði einum 3,8 kg á Black ghost og missti annan. Sjálfur náði ég einum 3,6 kg og öðrum 2,7 kg, missti tvo (annar stór og þykkur, sirka 4,5-5,5 kg). Arthur og Kristinn fengu svo sitt hvorn fiskinn á spún (3,1 kg og 1 kg).

Alltaf jafn gaman að vera í Fossálum.



Fanney Dórothe með birting úr Kleifarnefi í Geirlandsá.

2. sept Vesturhópsvatn

Míg langaði bara til að þakka fyrir okkur. Frábær staður og ekki er nú aðstaðan síðri.

Þetta er yndislegur staður í alla staði og ég á örugglega eftir að fá að heimsækja hann oft í framtíðinni.

EKKI veiddum við nú mikið en skemmtum okkur vel í ljómandi góðu veðri.

5. sept. Reykjadalssá

Bullandi fiskur út um allt er í Reykju þessa stundina, en þar eru við veiðar Gunnar Óskarsson, Arnar Óskarsson, Óskar Gunnarsson og Óli Baldur. Ég hafði samband við þá féлага og voru þeir í grenjandi rigningu í allan dag og áin orðin lituð. Undir kvöld voru þeir búnir að setja í 44 laxa út um allt en þó mest í Holunni, Ásgarðsfljóti, Grímsstaðfljóti, Breiðaflljóti, Eyjafljóti Búrfellsfljóti og víðar. Mikið af laxinum er hjartur og flottur og ein vakt eftir hjá þeim. Þá eru komnir 218 laxar sem er meiriháttar og góður tími framundan hjá okkur í Reykju.

6.-8. sept. Reykjadalssá

Sigmar Rafnsson og félagar voru við veiðar og settu í 21 lax og fengust 19 af þeim á flugu. Flestir voru teknir í Klettsfljóti, Ásgarðsfljóti, Breiðaflljóti. Þá er áin komin í 246 laxa á hádegi þann 8. sept. en 22 dagar eru eftir af veiðitímanum. Þannig að Reykjan stefnir á glæsilega veiði þetta sumarið.

10. sept Grenlækur sv.4

Jón Ragnar Gunnarsson setti skemmtilega færslu inn á fésbókarsíðu félagsins:

"Vorur að koma úr Flóðinu í gær og enduðum með 12 fiska, allt bjartir og finir birtingar á bilinu 2 til 4 pund í góðum holdum. Urðum varir við þónokkuð af fiski en hann var ekkert rosaalega gráðugur í það sem við buðum honum upp á. Ég er búinn að fara nokkuð oft í haustveiði í Flóðinu og verð að segja að ég hef ekki áður séð svona mikið líf þarna á þessum tíma."



Aron Eyrbekk kastar á Klettsfljótið.

10.-12. sept Geirlandsá

Lalli Þórhals og félagar fengu 12 birtinga, og hollíð á eftir 12-14 sept en þar voru Gunnar Óskarsson og félagar með 10 birtinga og 2 laxa þannig að það er ágætis veiði í Geirlandi. Að sögn Arnars Óskars sáú þeir töluvert að fiski í ánni, þannig að þetta lítur vel út.

11. sept. Fossálar

Brynjar Hólm Sigurðsson og félagar eru við veiðar í Fossálum og um sjöleitið í kvöld voru þeir búnir að fá 12 sjóbirtinga víða um álana, 3 fiskar voru um 9 pund, einnig misstu þeir þó nokkra, meðal annars mistu þeir 5 flotta birtinga í beit í nr 17 en þeir klára á hádegi 12 sept. Uppfært, þeir enduðu í 17 fiskum.

14.-16. sept. Reykjadalssá

Það blés hressilega á okkur allan tímann, á tímabili stóð maður varla í lappirnar en þrátt fyrir "hressilegt" veður þá var mikið reynt en ekki mikið varir, fengum 7 fiska allt í allt. Fengum ekkert á fyrstu vaktinni, sá fyrsti tók á svæði 24 (fyrri vakt heill dagur) - á seinni vaktinni fengum við sjóbirting á svæði 5. Prufuðum svo að enda vaktina á svæði 24 og þar tók aftur 1 lax og 1 sjóbirting.

Á síðustu vaktinni (í morgun) byrjuðum við á svæði 24 og þar fékkst 1 lax, tókum síðan röltið rétt fyrir ofan merkið á svæði 24 og þar komu 2 laxar á land. við fórum á alla helstu staðina sem hafa verið „inni“ síðustu daga í þessum túr en urðum ekki varir.

Það tók á að berja á því í rokinu en það er alltaf gaman að fara í veiðitúr.

Elvar Ágúst Ólafsson.

21. sept. Geirlandsá

Þeir sem eru við veiðar núna eru búnir að setja í 27 fiska þegar túrinn er hálfnaður. Morgunvaktin gaf þeim 24 fiska. Áin er að jafna sig eftir stórfloð og er fiskur á öllum þeim stöðum sem hægt er að komast að. Þetta er gelfdískur 4-5 punda



Frá veiðimönnum...



Fengur úr Vesturhópsvatni.

og upp í 14 punda tröll. Þeir eru búnir að setja í marga stóra þám 10, 11 tvo 12, tvo 13 og tvo 14 punda fiska. Þetta fékkst allt á spón og hafa þeir misst helling af fiski. Ármótin hafa gefið langmest. Glæsilegar fréttir og lítur sannarlega vel út með framhaldið.

20. sept Hrolleifsdalsá

Arnbjörn Arnbjörnsson deildi þessum skemmtilegu fréttum með okkur á félsbókarsíðu félagsins:

"Lokahollið úr Hrollu gaf 34 urriða

og einn 4p. mariulax. Það var Bryndís Skúladóttir sem fékk hann í veiðistað nr. 4. Heildartala sumarsins er 20 laxar, 164 urriðar og 119 bleikjur."

24. sept. Glæsilegur Geirlandsártúr

Gunnar formaður sendi þessa skemmtilegu færslu á félsbókarsíðu félagsins:

"Við félagarnir vorum að koma heim í gær úr einum ótrúlegasta veiðitúr sem ég hef farið í þegar talað er um stærðir á birtingi. Mér lánaðist að setja í 1stk 15p,

2stk 14p, 1stk 13p, 2stk 12p, 1stk 11p og 3stk 10. Þá eru ótaldir 4stk 9p og nokkrir smærri :) Þarna vantar 1stk 12p og 1stk 13p sem komu á aðrar stangir. Við enduðum með 46 fiska sem er feiknalega góð veiði í Geirlandinu. Að sjálfsgöðu slapp sá stóri en það er efni í aðra sögu."

27. sept. Reykjadalssá

Þrjúhundraðasti laxinn tók í Torfubaug og Reykjan er komin í 301 laxa.

Vel við hæfi að þrjúhundraðasti fiskurinn hafi verið mariulaxinn hjá veiðimanninum Hannesi Kristni Kristinssyni.

Ein vakt eftir og vonandi að komi nokkrir upp í fyrramálið...enn lúsugir fiskar að ganga

26.-28. sept. Geirlandsá.

Hollið sem lauk veiði í dag setti í 27 birtinga og 1 lax. Áin var að jafna sig á stórfloði, samkvæmt vatnshæðarmælinum sem staðsettur er í Flatarhyl þá eru það mestu vatnavextir á svæðinu í rúmt ár, litaðist áin töluvert og óx óheyrilega í takt við það. Hollið sem var á undan setti í 12 fiska. Það var fiskur á velflestum stöðum sem þeir komust að. Stærstu fiskar voru um 8 pund. Síðasta morguninn settu menn í þó nokkra spegilbjarta smáfiska. Greinilegt á öllu að það er mikið af fiski

NS
Netaverkstæði
Suðurnesja
Brekustíg 41 - 260 Njaróvík
Sími 421 2270 & 421 2470

NESRAF EHF
RAFVERKTAÐAR

VEIDIKORTIÐ
2016
Eitt kort
35 vötn
6.900 kr
www.veidikortid.is
Kynnið ykkur
sérverð til félaga
SVFK á
veidikortid.is/svfk

TSA ehf.
Brekustíg 38 • 260 Reykjanesbær
Nýsmíði • Viðhald
Innréttingar • Blikksmíði
Ari Einarsson sími 894 0354
Stefán G. Einarsson sími 896 2788
Netfang: tsa@tsa.is • Veffang www.tsa.is

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?

Gamla varnarsvæðið við Keflavíkurlugvöll, þar sem nú heitir Ásbrú, hefur tekið þvílíkum stakkaskiptum á síðustu árum að allir sem þangað koma hrifast af uppbyggingunni. Hér er suðupottur tækifæra fyrir ungt og kraftmikið fólk.




Hér trúir fólk á framtíðina

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú þróttmikið og litríkt samfélag með öflugum menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrand mannlíf þar sem skapandi fólk horfir fram á vel launuð framtíðarstörf í þeim greinum atvinnulífsins sem vaxa nú hvað hraðast.

Það er af þessum sökum sem Ásbrú er eitt kraftmesta og framsæknasta vaxtar-svæði Íslands þar sem sköpunargleði og hátækniþekking fá notið sín í hverju horni - og saman fer jákvæðni og bjartsýni í spennandi og skemmtilegu samfélagi.



Próunarfélag Keflavíkurlugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is





Frá veiðimönnum...

á ferðinni fyrir austan og má segja að lægðardruslurnar sem ganga yfir landið séu sjóbirtingnum að góðu skapi en ekki jafnvíst að lægðirnar fari vel í alla veiðimenn.

26.-28.sept í Fossálum

Það veiddust 8 fiskar, tveir stærstu fiskarnir í túrnum voru rúmlega 7 pund og rúmlega 8 pund. Áin var eins og stórflyót allan tímann enda rigndi nær látaust. Jónas og Begga voru með sitthvora 4 fiskana. Begga setti í 7 punda fiskinn sinn á lyppu á veiðistað 16 mjög neðarlega á miðri breiðunni en þar sá hún hann stökkva og náði að kasta yfir þar sem hann sýndi sig.

28.-30. sept. Met sett í Reykjadalssá

Jæja góðir veiðimenn, ánægjulegt að segja frá því að metið er fallið í Reykjadalssá, 334 eru komnir á land. Erum búin að fá 30 laxa í lokun og smá tími eftir. Höfum bara veitt ána fyrir ofan Grímstadafljót. Mikid af fiski í ánni og flott taka enda skilyrði eins og best verður á kosið. Mikid vatn og litur á henni fyrir neðan Rauðsgil en tærari fyrir ofan. Torfbugur búinn að gefa mjög vel. Laxinn er bæði leginn og nýr. Bara flott.

1. okt. Grenlækur

Við höfum heyrt að menn sem hafa farið til veiða í Grenlæk undanfarið, hafa verið að setja í flotta birtinga. Virðist sem geldfiskur sé töluvert á svæðinu í bland við hrygningafisk. Hafa menn sett í þá við brúna, Flóðinu sjálfu og í Efri-Skurði.

6. okt. Grenlækur sv 4

Guðmundur Karl og félagar áttu dagana 4.-6. okt. Ekki áttu allir heimangengt en hann og sonur hans Jón skelltu sér. Það var mjög hvasst og mikið vatn svæðinu, örlítið skolað og byrjuðu þeir félagar á



Í góðum málum í Vesturhópsvatni.

því að leita fiskjar með spón. Þeir fengu fisk fljótlega og skiptu yfir í flugu. Þeir fengu 6 fiska þessu fyrstu vakt. Lægði morguninn eftir og þá gerðist ávintýrið.



Ragnar Veigar Helgason og Andrea Færseth í Reykjadalssá.

Það var bullandi fiskur út um allt, það nánast kraumaði Flóðið sjálft. Til að gera langa sögu stutta þá fóru þeir feðgar á kostum og settu í 31 á fluguna. Pink & Blue, Black Ghost og þurrflugan Royal Wulf voru þær flugur sem voru atkvæðamestar. Allur birtingurinn var nýgenginn spriklandi vitlaus. Frá 2,5 p upp í 6 p stærst, mest 4-6 pund. "Við hættum bara í hádeginu á heila deginum, búnir að fá kvótann og alsælir" sagði Guðmundur hress en hann var staddur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þegar við heyrðum í honum, á leiðinni í afslöppun sólina. "Maður verður að ná að slaka á eftir svona átök" sagði Guðmundur að lokum og skellti upp úr. Við þökkum Guðmundi kærlega fyrir en hann ætlar að senda okkur myndir úr túrnum. Geggið veiði á tvær stangir og ber flestum fréttum saman um að mikið sé af fiski á svæðinu.

12. okt. Geirlandsá

Heyrði í Emil Hallgrímssyni en hann var við veiðar í ánni 10-12. okt (endudu í dag). Það var fiskur um alla á en var tregur til töku framan af í kafavatni. Þegar vatnið var orðið skaplegt þá gaf hann sig allhressilega og settu þeir félagar í 24 fiska á síðustu vakt í morgun. Niðurstaðan var 31 fiskur sem fengust allir á flugu. Var öllum hrygningarfiski sleppt sem var stærstur um 8 pundin en uppistaðan var geldfiskur 2-4 pund. Allt fékkst á flugu.

Lokadagar í Grenlæk þann 18-20 október

Þar vorum við félagarnir Guðmundur Hreinsson, Sigurjón Héðinsson og Óskar Færseth við veiðar í flotta veðri og finni veiði á þessum frábæra veiðistað. Settum við í 24 flotta birtinga og var þó nokkrum sleppt í þessum síðasta túr á tímabilinu.



Rennt fyrir lónbúann í Vesturhópsvatni.

Vestur-Hópsvatn:



Fjölskyldan sameinast í veiði

Um miðjan júlí í fyrra ákváðum við tvær fjölskyldurnar að leigja aðstöðuna við Vestur-Hópsvatn. Hugmyndin var að fjölskyldan gæti sameinast í veiði. Við höfðum heyrt af góðum fiski í vatninu og fannst okkur tilvalið að geta veitt af landi og af bát.

Við komum í blíðskaparveðri og komum okkur fyrir. Húsið og aðstaðan var til fyrirmyndar. Þótt lóðin haf verið lítt frágengin var húsið snyrtilegt og hlýlegt. Tilvalið fyrir tvær fjögurra manna fjölskyldur.

Við reyndum allt agn og fengum við fiska á bæði maðk og spún. Við lögðum reyndar net líka og fengum marga fiska. Fengum við skemmtilegar ábendingar um veiðistaði og veiðiaðferðir frá nágranna okkar í næsta bústað og virkuðu þær vel.

Vatnið sjálft og umhverfi þess er gríðarfagurt og ríkt af sögu. Notuðum við tækifærið og skoðuðum sveitirnar í kring. Fórum á hestbak á Gauksmýri og sund á Hvammstanga og að sjálfsgöðu var ekið að Hvítserk og Borgarvirki.

Það væri synd ef félagið missti þessa perlu úr söluskrá sinni og hvet ég félagsmenn til að skoða þennan möguleika á skemmtilegri fjölskylduveiði í fallegu umhverfi. Takk fyrir okkur.

Gunnlaugur Þór



Hannes Gunnlaugsson 6 ára. Fiskinn veiddi hann á maðk og flot.



Regína Lilja Gunnlaugsdóttir 12 ára og Arngunnur Eir Jónsdóttir 13 ára gera sig klára í veiðina.



Frá skrifstofu...

Upplýsingar

Stangveiðifélag Keflavíkur
Hafnargötu 15 eh, 230 Keflavík
Sími: 421 2888
Heimasíða og vefverslun: svfk.is
Netfang: svfk@svfk.is

Athugið breyttan opnunartíma skrifstofu

Skrifstofa SVFK er opin frá kl. 18:30-20:30 á mánudags og fimmtudagskvöldum til 1. maí

Við vekjum sérstaka athygli á breyttum opnunartíma frá 1. maí til 20. okt þar sem skrifstofan verður þá opin einu sinni í viku og verður það á miðvikudagskvöldum frá kl 18:30-20:30

Innheimta félagsgjalda

Allir félagar eiga að vera búnir að fá senda heim greiðsluseðla vegna félagsgjalda og viljum við minna félagsmenn á að greiða þá sem fyrst. Ef einhverjir hafa ekki fengið senda heim greiðsluseðla þá biðjum við viðkomandi að hafa samband við skrifstofu sem allra fyrst. Þeir sem skulda tvö árgjöld eða fleiri eiga á hættu að verða felldir út af félagaskrá samkvæmt lögum félagsins en þurfa samt sem áður að standa skil á útistandandi ógreiddum félagsgjöldum. Jafnframt skal það ítrekað að þeir sem ætla að segja sig úr félaginu þurfa að gera það skriflega, og afhenda það eða senda skrifstofu félagsins.

Úthlutun og sala veiðileyfa SVFK fyrir árið 2016

Umsóknir berist félaginu á skrifstofu þess, í tölvupósti, eða í póstkassa að Hafnargötu 15 fyrir kl 16 mánudaginn 7. mars.

Afgreiðsla veiðileyfa verður sem hér segir:

Félagsmenn menn skulu sækja/vitja veiðileyfa sinna á úthlutunardeginum sem er fimmtudaginn 10. mars. frá kl. 18:30 -20:30

Gjaldlagi veiðileyfa og greiðslutillögum:

Veiðileyfi í vorveiði þarf að greiða að fullu á úthlutunardögum.

Sumar og haustleyfi verði staðfest með 30% greiðslu á úthlutunardögum.

Félagsmönnum ber að ganga frá fullnaðaruppgjöri 10. apríl 2016.

Eftir 8. apríl fara þau leyfi sem verða ófrágengin í almenna sölu. Athugið að 30% staðfestingargjald er óendurkræft að þeim tíma liðnum.

Hægt er að greiða í næsta banka eða sparisjóði, bankanúmer SVFK 0542-26-2953, kennitala er 620269-0509.

Vinsamlega sendið greiðslukvittun á skrifstofu SVFK



Heimasíða félagsins

svfk.is

Hægt er að sækja um veiðileyfi og nálgast allar helstu upplýsingar um öll okkar ársvæði. Á vefnum má einnig finna það sem hæst ber hverju sinni en betur má ef duga skal og eru allar ábendingar um efni frá félagsmönnum vel þegnar á netfangið svfk@svfk.is.

Vefverslun: svfk.is

Leitið að SVFK á fésbókinni þar sem menn skiptast á fréttum og upplýsingum.

Eftir forúthlutun verður vefverslun sett í loftið þar sem öllum er gefin kostur á að kaupa veiðileyfi með greiðslukortum og prentað út.

Úthlutunarreglur

- Allir þeir sem eru félagsmenn S.V.F.K. hafa rétt til að sækja um veiðidaga í forúthlutun.
- Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun veiðidaga.
- Umsókn þar sem sótt er um allar stangir af félagsmönnum hefur forgang.
- Vægi umsókna margfaldast ekki þó umsóknir séu fleiri en ein á sömu veiðidaga af við komandi hóp félagsmanna. Þá geta félagsmenn ekki sótt um marga samliggjandi veiðidaga á sama veiðisvæði. Áskilur stjórnin sér rétt til að taka einungis fyrstu dagsetningu gilda.
- Þeir sem sækja um leyfi í forúthlutun á vefnum eiga að berast staðfestingar í tölvupósti frá skrifstofu innan tveggja sólarhringa, fyrr er umsóknin ekki gild.
- Ef umsóknir eru jafn sterkar skal reynt að hafa samband við alla, þeim gerð grein fyrir stöðunni og athugað hvort einhverjir geti fært sig. Ef svo er ekki skal varpa hlutkesti um hver umsóknanna hljóti úthlutun.
- Sé félagsmaður óánægður með úthlutun sína getur hann undir umsjón forsvarsmanns úthlutunar á viðkomandi ár svæði, fengið að skoða hvernig var farið með umsókn hans.

Stjórn S.V.F.K. ber ábyrgð á úthlutun veiðileyfa og úrskurðar um vafaatriði

Veiðikortið 2016

Félagsmönnum í Stangaveiðifélagi Keflavíkur býðst kortið á sérverði á veidikortid.is/svfk

Búferlaflutningar

Félagsmenn sem flytja búferlum eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það skrifstofu.

Félags- og inntökugjöld í SVFK

Inntökugjald:

kr. 10.500 fyrir 16 ára og eldri,
kr. 5.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna
Í inntökugjaldi er innifalið inntöku- og félagsgjald fyrsta árið.

Félagsgjald:

kr. 8.000 fyrir 16 ára til 67 ára,
kr. 3.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna og 67 ára og eldri

Af hverju að gerast félagi í SVFK?

- Forgangur í allar ár sem félagið hefur upp á að bjóða.
- 15% afsláttur af öllum veiðileyfum
- Veiðikortið með afslætti.
- Færð sent veglegt félagsblað einu sinni á ári.
- Aðgangur að veiðimannakvöldvökum og veglegri árshátið félagsins.
- Aðgangur að ódýrum kast- og fluguhnýtingarnám-skeiðum.



Tunnubakki í Reykjadalssá í ljósaskiptunum.

Við hönnum og prentum nánast allt sem þú þarft

- nafnspjöld
- bréfsefni
- reikninga
- umslög
- bæklinga
- dreifibréf
- boðskort
- bækur
- blöð
- fréttabréf
- myndir á striga
- ritgerðir
- sálmaskrár
- plaköt

stapaprent
PRENTÞJÓNUSTA

Grófin 13c • 230 Reykjaneshar • Sími 421 4388
stapaprent@simnet.is • stapaprent.is

DIESEL.IS

SENDIBÍLAR

Kominn tími til að endurnýja?

EIGUM MIKIB ÚRVAL BÍLA Á SKRÁ!

VW CRAFTER	FORD TRANSIT	RENAULT MASTER	RENAULT KANGOO
FORD TRANSIT	RENAULT MASTER	RENAULT TRAFIC	M.BENZ

Útvegum allar gerðir sendibíla frá Evrópu

Við útvegum rétta bílinn fyrir þig! S. 578 5252

REKSTRARLEIGA ER SPENNANDI KOSTUR
Ertu búinn(n) að reikna dæmið til enda?

Kletthalsi 15 | 110 Reykjavík | diesel@diesel.is | Sími: 578 5252

Almennar umgengni og veiðireglur S.V.F.K.

Brot á reglum varðar refsingu skv. lögum S.V.F.K. og skv. landslögum þar sem við á

I.

Veiðimenn skulu bera á sér veiðileyfi sitt og sýna það veiðiverði ef óskað er. **Veiðileyfin eru gefin út á nafn og er framsal óheimilt nema með samþykki félagsins.** Veiðiverðir hafa heimild til að skoða veiðitæki og feng. Skráið vel og skilmerkilega í veiðibækurnar. Leyfið tóku hreistursýna ef óskað er.

II.

Þar sem heimilað er að tveir veiðimenn séu saman um stöng, skulu þeir fylgjast að við veiðarnar. **Það er mjög alvarlegt brot ef veiðimenn, sem eru saman um stöng veiða samtímis. Varðar það brottrekstur beggja úr ánni þegar í stað, upptöku afla og frekari refsingu eftir því sem við á.** Skipting á tíma á sitt hvorum stað við ána er óheimil.

III.

Kappkostið að ganga vel um veiðisvæðið. Fleygið ekki rusli í árnar, á árbakkana eða á víðavangi. Hlífið gróðri og valdið ekki jarðraski. Forðist akstur utan venjulegra ökuslóða. Lokið girðingahlíðum.

IV.

Í öllum veiðihúsum S.V.F.K. eru rúmstæði með dýnum, eldunaraðstaða, áhöld til matreiðslu og borðbúnaður. Veiðimenn þurfa að hafa sængur ásamt sængurfötum meðferðis. Veiðimönnum ber að ganga vel um veiðihúsin og umhverfi þeirra og skila þeim ásamt öllum búnaði hreinum og vel frá gengnum í hendur þeirra sem næstir koma. **Veiðimenn eiga rétt á að koma í veiðihúsin einni klukkustund áður en veiðitími þeirra hefst. Vinsamlegast komið ekki að veiðihúsunum fyrir tilsettan tíma. Það truflar þá sem þar starfa að frágangi. Veiðimenn skulu rýma húsin klukkan 14 á brottfaradag.**

Sé einhverju ábótavant í húsunum er þess vænst af félagsmönnum S.V.F.K. að þeir bæti þar um, eftir því sem við verður komið. Sé



frekari úrbóta þörf skal formanni árnefndar gert viðvart. Í veiðihúsum eru upplýsingar um árnefndarformenn á hverjum stað.

V.

Á flestum veiðisvæðum gilda einhverjar sérreglur og er þær að finna í viðkomandi veiðihúsum. Veiðimönnum ber að kynna sér þessar reglur áður en þeir hefja veiði. **Vanræksla þar um veitir enga afsökun.**



Vorveiði

Það var hvít jörð og kalt um að litast þegar árnefndarmenn fengu loks grænt ljós á opnun í vor. Áin opnaði ekki fyrr en 4. apríl og var vetrarlegt um að litast. Ísspangir á Ármótunum og aðstæður frekar erfiðar til að byrja með sem lögudust þegar leið á túrinn. Þegar aðstæður bötnuðu kom fljótlega í ljós að mikið var af fiski á svæðinu.

Annars var vorveiðin í heildina góð og veiðimenn að setja í fisk fram í maí. Að öllum líkindum hefur fiskur verið í seinna lagi að ganga niður þetta vorið sökum þess hvað voraði seint.

Meðfylgjandi myndir eru teknar í opnun og segja meira en mörg orð.



Frábært verð

og úrval

Í BYKO SUÐURNESJUM!



BYKO Suðurnes - Sími: 421 7000

Opið: Virka daga frá 8-18
og laugardaga frá 10-14



FLUGUKOFINN

ÞAR SEM VEIÐISÖGURNAR VERDA TIL

Í FLUGUKOFANUM FÆRÐU ALLT SEM ÞARF Í VEIÐINA

VANDAÐAR VÖRUR, GÓÐ ÞJÓNUSTA OG BETRI VERÐ.
HEITT Á KÖNNUNNI OG NÓG AF VEIÐISÖGUM.
STYDDU VIÐ VERSLUN Í ÞINNI HEIMABYGGÐ!

FLUGUKOFINN BYÐUR ALLT ÞAÐ NÝJASTA
FRÁ SAGE, SCOTT OG FLEIRI FRAMLEIÐENDUM.
HÖFUM LÍKA ALLT SEM ÞARF Í STRANDVEIÐINA.
MIKIÐ ÚRVAL AF SPUNUM!

ATH.: FÉLAGAR Í STANGVEIÐIFÉLAGI KEFLAVÍKUR
FÁ 10% AFSLÁTT GEGN FRAMVÍSUN FÉLAGSSKÍRTEINIS.



Það var margt um manninn á fluguhnýtingarkvöldi þar sem Júlíus Gunnlaugsson í Flugukofanum var leiðbeinandi.



SPORTVEIÐIBLAÐIÐ

Frjálst og óháð blað um skot- og stangaveiði

Skráðu þig í áskrift og fáðu blaðið sent í pósti fyrir aðeins 2.625.- á ári!
Skráning nýrra áskrifenda á www.sportveidibladid.is



Skýrsla vegna bikarúthlutunar SVFK 2015

Á árs hátíðum félagsins er þeim félögum sem vinna til afreka á veiðisvæðum félagsins afhentur bikar fyrir afrek sín á síðasta veiðitímabili.

Alls eru 9 farandbikarar veittir. Aðeins gengu átta bikarar út að þessu sinni og fer afrekaskráin hér á eftir.

1. Bakarabikarinn

Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á svæðum félagsins og er það Sigurjónsbakari sem gefur þennan veglega gip.



Að þessu sinni er hann veittur fyrir lax sem fékkst á maðk í Kleifarnefi þann 4. október. Fiskurinn reyndist vera 90 cm hrygna sem vó 7,5 kg.

Það er sérstaklega vel við hæfi að sá veiðimaður sem hlaut Bakarabikarinn er bakarinn sjálfur Sigurjón Héðinsson.

2. Flugumaðurinn

Þessi bikar var gefinn af Bókabúð Keflavíkur og er veittur þeim félagsmanni sem veiðir flesta flugulaxa á svæðum félagsins í einni veiðiferð.



Í ár er bikarinn veittur fyrir 7 veidda laxa í veiðitúr sem farin var í Reykjadalssá dagana 6.-8. sept. Fiskarnir voru allir veiddir á Sunray og Hauginn. Veiðimaðurinn er Rafn Hafliðason.

3. Kvennabikarinn

Þennan bikar gaf Sportbúð Óskars 1991 og er hann veittur fyrir stærsta fisk sem eiginkona félagsmanns eða félagsbundin

kona veiðir.

Bikarinn er veittur fyrir 3,6 kg sjóbirtingshæng sem veiddur var í veiðistað nr 16 í Fos-sálanum. Fisknum var landað á Lyppu þann 28. sept. Veiðimaðurinn er Bergljót Þorsteinsdóttir.



4. Verkfræðistofubikarinn

Þennan bikar gefur Verkfræðistofa Suðurnesja og er hann veittur konu fyrir stærsta flugufisk á svæðum félagsins.

Bikarinn gengur ekki oft út en gaman að segja frá því að í þetta sinn fær Jónína G Samúelsdóttir þennan glæsilega bikar fyrir 2,6 kg lax sem veiddist í Hrolleifsdalsá 24. Júlí. Fiskurinn tók Rauðan Frances á veiðistað nr 8.

5. Verkalýðsbikarinn

Gefinn af Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur árið 2000. Hann skal veita börnum eða unglíngum undir 16 ára aldri fyrir stærsta veiddan fisk á svæðum félagsins.



Það er hinn 14 ára gamli Sigurður Hólm Brynjarsson sem fær bikarinn fyrir 3,5 kg. lax sem hann veiddi í Reykjadalssá þann 14. júlí og fékkst fiskurinn á maðk í Hellufjóti.

6. Flugubikarinn

Þessi bikar var gefinn af Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar 22. nóvember 1998 í tilefni 50 ára afmælis SVFK.



Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á flugu á svæðum félagsins.

Þessi veglegi gripur er veittur fyrir 4,5 kg og 75 cm langan lax sem lét freistast af flugunni Sunray Shadow í Klettsfljóti í Reykjadalssá þann 6. september. Veiðimaðurinn er Rafn Hafliðason.

7. Flugubikar yngsta veiðimannsins

Konráð Lúðvíksson gaf þennan bikar 1987. Hann gengur því miður ekki út að þessu sinni.

8. Flugfiskbikarinn

Gefinn af Flugfiski í Sandgerði árið 2000. Hann er veittur fyrir stærsta veiddan sjóbirting á svæðum félagsins.



Bikarinn er veittur fyrir tröllvaxinn 8 kg sjóbirting sem veiddur var í Geirlandsá 29. september. Fisknum var landað í Hvannhillu á svartan Toby og reyndist hann vera 87,5 cm langur hængur. Veiðimaðurinn er Páll Ingólfur Arnarsson.

9. V.Í.S. bikarinn

Gefinn af Vátryggingafélagi Íslands og skal hann veittur fyrir stærsta sjóbirting veiddan á flugu í sumar og haustveiði.



Það var 21. september sem flugunni Black Ghost var kastað yfir hylinn Mörtungu í Geirlandsá. Veiðimaðurinn Gunnar Óskarsson fann fyrir þungri tókunni og reisti stöngina, eftir þónokkra baráttu var glæsilegum 7,5 kg sjóbirtingshæng landað.



Árshátíðargestir dönsuðu af sér skóna

Óhætt er að segja að árshátíð Stangveiðifélags Keflavíkur hafi verið með glæsilegasta móti en hátíðin var haldin laugardagskvöldið 21. nóvember í Oddfellow salnum.

Veislustjóri kvöldsins var Bjarni Töframaður og fór hann gjörsamlega á kostum.

Óhætt er að segja að villibráðahlaðborð Úlfars Finnbjörnssonar hafi slegið í gegn enn eitt árið og virðist sem Úlfar nái endalaust að toppa sig ár frá ári þótt ótrúlegt sé.

Mikil og góð stemning var á hátíðinni sem náði hámarki þegar hljómsveitin Zoo tróð upp. Árshátíðargestir nánast dönsuðu af sér skóna allt þar til yfir lauk. Fær sveitin mikið hrós fyrir.

Stjórn félagsins langar að koma á framfæri þakklæti til allra sem þeirra sem lögðu sitt á vogarskálarnar til að gera hátíðina sem glæsilegasta og vill jafnframt þakka veislugestum fyrir frábært kvöld.

Hér má sjá nokkrar valdar ljósmyndir af hátíðinni.



Fjölskylduparadís



Vesturhópsvatn

Verðskrá

Tvær aðskiptar íbúðir undir sama þaki með séringangi. Útleigu fylgir heimild til veiða með 4 stöngum með hvorri íbúð og afnot af bátum.

Tímabilið frá 5/6-10/8 ein íbúð. (sumar)
Sólarhringsleiga frá mánud.-föstud. verð kr. 17.000
Helgarleiga frá föstud.-mánud. (þrjár sólarhringar) kr 51.000

Tímabilið frá 10/8-5/6 ein íbúð. (haust,vetur,vor)
Sólarhringsleiga frá sunnud.-föstud. verð kr 15.000
Helgarleiga frá föstud.-sunnud (tveir sólarhringar) kr. 30.000

Allt innifalið í verði þ.e. íbúðin, 4 stangir og afnot af bát.



Staðsetning

Vesturhópsvatn er staðsett í Þverárhreppi í V.-Húnaþing. Hæð yfir sjó er 19 m. og flatarmál 10.3 km'. Mesta mældi dýpi er 28 m. Mesta lengd 6.9 km. og mesta breidd 2.3 km. Umhverfi vatnsins er mjög fagurt og gnæfir Borgarvirki yfir austurhluta þess. Vegalengdin frá Reykjanesbæ er um 250 km um Hvalfjarðargöng og er vatnið 24 km frá Hvammstanga. Fagurt umhverfi er við Vesturhópsvatn, og margt að skoða. Skammt austan vatnsins er blágrýtisstapi sem kallast Borgarvirki, 177 metra há. Þar eru rústir af fornu virki en enginn veit hver hlóð það eða hvers vegna þótt þjóðsögur hermi að Víga-Barði Guðmundsson, sem frá segir í Heiðarvíga sögu og bjó í Ásbjarnarnesi við Hópið, hafi látið reisa það.

Veidihús

Mjög gott hús er við vatnið með tveimur aðskiptum íbúðum undir sama þaki. Í hvorri íbúð fyrir sig, sem eru um 50m², er svefnpláss fyrir amk. átta manns, sex í kojum og tveir í svefnsófa. Jafnvel geta tíu gíst þar sem tvö rúmstæði eru ein og hálf breidd og eru þannig hentug fyrir fullorðin og barn. Húsið er rafvætt, eldavél með bakarofni og öll helstu raftæki. Badherbergi með sturtu.

Á staðnum eru gasgrill fyrir hvora íbúð.
Leigjendum er heimilt að koma í hús kl 15.00 á komudegi og skulu vera búnir að rýma húsið fyrir kl 14 á brottfarardegi.

Athugið að við gatnamót inn á veg 716 rétt áður en komið er að vatninu eru sorpgámar þar sem dvalargestir geta losað sorp að dvöl lokinni. Íbúðunum skal skila af sér vel þrífnum og allt rusl fjarlægjast.



Leigjendur leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, viskustykki og borðtuskur. Björgunarvesti eru einnig á staðnum fyrir börn og fullorðna.

Árnefndarmenn eru þeir Guðmundur Óskarsson í síma 893-7212 og Ásgeir Húnbogason í síma 690 1662

Endilega verið í sambandi ef eitthvað er sem má betur fara eða er ábótavant í húsunum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekinn er Þjóðvegur 1 sem leið liggur norður í land um Hvalfjarðargöng. Ekið er framhá afleggjaranum inn að Hvammstanga og eknir um 6,5 km í viðbót eða þar til beygt er til vinstri inn á Vatnsnesveg nr. 711. Þar er ekið sem leið liggur inn að vatninu um 11 km leið. Beygt er til hægri inn að einu sumarhúsa-byggðinni sem staðsett er vestanmegin við vatnið. Fylgt er eftir vegslóðanum um 700 mtr. þar til heimreið merkt SVFK blasir við..

Veidifyrirkomulag:

Heimild er til veiða með fjórum stöngum með hvorri íbúð fyrir sig og engin takmörkun á stöngum fyrir börn yngri en 12 ára. Daglegur veiðitími er frjálst þó annað komi fram á veiðileyfinu.

Einnig er heimilt er að leggja net yfir nóttina en þau eru ekki á staðnum.

Það eru aðrir bústaðir á svæðinu og fylgir netarétturinn öllum húsum.

Leyfilegt er að veiða alla strandlengjuna innan veiðimarka sem afmarkast annarsvegar við Klambranes og hinsvegar lækjarins Kýrlágs sem er rétt sunnan við syðsta sumarbústaðinn.

Nýjrir bátar eru til afnota fyrir hvora íbúð ásamt árum og eru þeir merktir.



Björgunarvesti eru á staðnum.

Veiði af bát takmarkast við áður uppgefinn veiðimörk en alls ekki nær en 150 mtr. frá strandlengjunni á móti. Heimilt er að sigla um allt vatn.

Veiðin:

Allgóður fiskur er í vatninu. Aðal-fiskurinn er urriði en einnig er að finna bleikju og murtu. Bleikjan og urriðinn veiðast allt að 3-4 pund, en þorrinn er smærri.

Sjóbirtings og laxavon er einnig enda samgangur við sjó um Faxalæk og Víðidalsá. Dæmi eru um afarstóra fiska úr vatninu, allt að 6 til 7 kg. sjóbirtinga á seinni árum. Stærstu skráðu fiskar eru 12 kg. sjóbirtingur árið 1988 og 12 kg. vatnaurriði árið 1993.

VEIÐIMENN!

Haldið aflanum ferskum í fiskikössum frá okkur

FRAUÐPLASTKASSAR
EINANGRUNARPLAST

PLASTGERÐ



SUÐURNESJA

Framnesvegi 21 • 230 Keflavík • Sími 421 1959 • Fax 421 3988





Grenlækur

4. svæði - Fitjaflóð

Hann er á í Trektinni.

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
19/5-21/5	4	13,000,00	14,900,00
27/5-29/5	4	12,000,00	13,800,00
6/6-8/6	4	10,000,00	11,500,00
14/6-16/6	4	10,000,00	11,500,00
26/6-28/6	4	10,000,00	11,500,00
4/7-6/7	4	10,000,00	11,500,00
12/7-14/7	4	13,000,00	14,900,00
24/7-26/7	4	13,000,00	14,900,00
*5/8-7/8	4	14,000,00	16,100,00
13/8-15/8	4	14,000,00	16,100,00
25/8-27/8	4	14,000,00	16,100,00
2/9-4/9	4	15,000,00	17,200,00
14/9-16/9	4	15,000,00	17,200,00
22/9-24/9	4	15,000,00	17,200,00
30/9-2/10	4	15,000,00	17,200,00
8/10-10/10	4	15,000,00	17,200,00
*12/10-14/10	4	15,000,00	17,200,00

Veidihús er innifalið í öllum verðum.

Ath! Veididagar SVH sem koma ekki til úthlutunar: 5/8-7/8 og 12/10-14/10.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Grenlækjarsvæðið sem er eitt það fengsælasta á landinu. Þetta svæði lengir sjóbirtingstímabilið þar sem hann veidist mun fyrr hér en á þeim svæðum sem við eigum að venjast. Sjóbirtingsveiðin hefst í maí og er fram í júní. Þá tekur



Veidihús.

við veiði á staðbundum urriða og vænni bleikju. Um miðjan júlí eru svo mættar fyrstu alvöru sjóbirtingsgöngurnar og er fiskur að ganga út októbermánuð.

Staðsetning

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir



Stefán Ólafsson ánægður með aflabrogð.

árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku og yfir lækjarsprænu en sveigir síðan niður á sandinn. Slóðanum er fylgt niður að brú yfir Grenlæk. Stærstu bílar komast ekki yfir brúna og verða að fara yfir á vaði sem er ofanvert við brúna, en misjafnt er milli ára hvernig aðstæðurnar eru. Fylgja skal stikaðri slóð og forðast að aka út fyrir hana. Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

Veidihús:

Félagið á stórt og gott veidihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum. Veidimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veidimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veidimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Leiðarlýsing að húsi

Beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Veiditilhögun

Veði í Grenlæknum hefst 7. maí og stendur til 20. október.

Útseld veiðitímabil eru tveir dagar og er skipt á miðjum degi.

Leyfilegt er að tveir séu saman um stöng. Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 7. maí - 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegur hámarksafli á hverja stöng á dag er takmarkaður við fimm sjóbirtinga. Engar takmarkanir eru á veiði vegna staðbundins urriða og bleikju.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa. Leyfilegt agn frá 7. maí til 20. júní er fluga og spónn en eftir það er fluga, spónn og maður leyfilegt.

Æskilegast er að veitt sé á flugu.



Ísleifur Gíslason með vænan fisk á svæði 4.

Veidibók

Veidibók fyrir veiðimenn SVFK er staðsett í veiðihúsinu.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingsskrá hvern fisk.

Veidistadalýsing

Svæðið afmarkast af skiltum við veiðisvæðaskil. Að ofan eru veiðiskilin við

skilti ofan við Efri-Skurð, en að neðan við skilti sem er staðsett við Neðri-Skurð, neðan við brúna.

Ferðast er um austurbakka veiðisvæðisins því vesturbakkinn er tæplega fær öðrum en fuglinum fljúgandi. Einnig má fara um nánast allt Flóðið á vöðlum, en þó þarf að gæta fóta sinna því á stöku stað er botninn laus í sér. Eins getur gróður flækst fyrir fótum veiðimanna, einkum síðsumars.

Bátur er til ráðstöfunar fyrir veiðimenn.

Veidisvæðið byrjar við tangann rétt ofan við Efri-Skurð en niður af honum breiðir lækurinn úr sér og nefnist þar Fitjaflóð eða Flóðið. Í Flóðinu má á sumrin finna ála með áberandi straumi en annars er vatnið þar kyrrt sem stöðuvatn. Margir telja veiðivon meiri í álnum en aðrir segja að best sé að kasta fyrir fisk við brúnirnar á sefbreiðunum. Enn aðrir segja að vesturbakkinn, þar sem drullupyttirnir eru, sé bestur. Neðri endi Flóðsins endar á svonefndri Trekt. Kvíslast áin þar eftir á milli hólma og síðan sameinast árvatnið aftur í svokölluðum Neðri-Skurði allt til neðri veiðimarkar sem eru við girðingu spölkorn neðan við brúna. Ekki er síður von á sjóbirtingi í Trektinni og Neðra-Skurði en í Flóðinu og Efri-Skurði.

Veidin 2015

Veiditölur fyrir síðasta ár lágu ekki nákvæmlega fyrir þegar þetta er ritað.

Meðalveiði síðustu 10 ára er um 500 fiskar, mest sjóbirtingur.



Liflegt í Flóðinu.

Jónskvísl og Sýrlækur

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
2/7-4/7	3	8,000,00	9,200,00
10/7-12/7	3	9,000,00	10,400,00
*18/7-20/7	3	9,000,00	10,400,00
26/7-28/7	3	9,000,00	10,400,00
3/8-5/8	3	10,000,00	11,500,00
*11/8-13/8	3	11,000,00	12,700,00
19/8-21/8	3	14,000,00	16,100,00
*27/8-29/8	3	14,000,00	16,100,00
4/9-6/9	3	14,000,00	16,100,00
20/9-22/9	3	15,000,00	17,300,00
28/9-30/9	3	15,000,00	17,300,00
*6/10-8/10	3	14,000,00	16,100,00
18/10-20/10	3	12,000,00	13,800,00

Veiðihús innifalið í öllum verðum

Ath! Happraðttis og veiðidagar SVH sem koma ekki til úthlutunar:
18/7-20/7, 11/8-13/8, 27/8-29/8, 6/10-8/10.

Útseld veiðitímabil eru tveir dagar og er skipt á miðjum degi.

Jónskvísl og Sýrlækur í Landbroti eru mjög fallegar og skemmtilegar veiðiár. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtingssvæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.

Staðsetning

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklaust-



Veiðihús.

urs og er beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Vinstra megin við heimreiðina rennur svo Jónskvísl.



Jón Oddur Guðmundsson að renna í fossinn.

Veiðihús

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.



Hann er á!

Leiðarlýsing að húsi

Beygt til hægri af þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Veiðitilhögun

Veitt er á þrjár stangir og leyfilegt að tveir séu saman á stöng.

Veiði hefst 30. júní og stendur til 20. okt. Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 30. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21



Benný Benediksdóttir alsæl á bökkum Jónskvíslar.

Leyfilegur hámarksafli á hverja stöng á dag í sumarveiði er takmarkaður við fimm sjóbirtinga. Engar takmarkanir eru á veiði vegna staðbundins urriða og bleikju.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa. Leyfilegt agn er fluga, spónn og maðkur. Æskilegast er að veitt sé á flugu.

Veiðibók

Veiðibókin fyrir Jónskvísl er við bæinn Fossa, vel merkt. Vinsamlegast skráið allan afla og setjið á sinn stað en ekki taka með upp í veiðihús þar sem hún gæti gleymst. Ástæðan fyrir þessari staðsetningu er sú að ekki öll veiðifélögin um Jónskvísl nota veiðihús SVFK.

Skrá skal allan afla vel og skilmerklega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingsskrá hvern fisk.



Guðmundur Karl Þorleifsson með vænan fisk.

Veiðistaðalýsing

Efri skil veiðisvæðisins markast við svokallað Rafstöðvarlón ofan brúar og neðri skil sem er um 100 mtr. neðan við neðsta foss og ármótum Sýrlækjar en þar er belgur sem afmarkar neðri mörk. Jónskvísl er nánast einn samfelldur veiðistaður en þó eru nokkrir sérlega góðir hyljir og ber þar að nefna sérstaklega Eyvindarhyl sem getur geymt mikið af fiski. Fyrir neðan fossinn er svo góður veiðistaður sem mikið veiðist í árlega. Þá má ekki gleyma Sýrlæk sem er oft vanmetin vegna smæðar en árlega veiðast stórir fiskar í honum. Stór bleikja er í Jónskvísl en hún er yfirleitt um 3-6 pund og veiðist þá helst í júní-ágúst en eftir það virðist hlutdeild hennar minnka.

Veiðin 2015

Veiðitölur fyrir síðasta ár lágu ekki nákvæmlega fyrir þegar þetta er ritað.


Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19 260 Reykjanesbæ

Sími: 420 6600 Fax: 421 1488

Þjónustuverkstæði sími: 420 6610

toyotareykjanesbae.is



TOYOTA



Geirlandsá

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Vorveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
3/4-9/4	4	13.400,-	15.410,-
9/4-19/4	4	10.300,-	11.845,-
19/4-25/4	4	7.200,-	8.280,-

Vikudvöl

Föstud.-föstud. með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
25/4-13/6	4	1.800,-	2.070,-

Sumarveiði

Þriggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
20/6-2/8	4	3.600,-	4.140,-
2/8-5/8	4	5.700,-	6.555,-

Haustveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
5/8-7/8	4	11.900,-	13.685,-
7/8-13/8	4	17.800,-	20.470,-
13/8-31/8	4	20.700,-	23.805,-
31/8-18/10	4	36.600,-	42.090,-

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis, bænda og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 11/4-13/4, 17/4-19/4, 20/6-26/6, 9/8-11/8, 15/8-17/8, 4/9-6/9, 26/9-28/9, 4/10-6/10, 6/10-8/10



Veiðihús Geirlandsár.

Staðsetning

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skafta-fellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.



Ásgeir Ólafsson með flottan fisk í Ármótunum.

Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálendi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinna er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hríkalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlendi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn

áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðitilhögun

Veiðitíminn er frá 18.júní til 18.október og auk þess vorveiði

(sjóbirtingur) sem hefst 1.apríl ef aðstæður leyfa.

Útseld veiðitímabil í vorveiði er annars vegar tveir dagar með skiptingu á miðjum degi frá 1. apríl til 25. apríl og hins vegar vikudvöl frá föstudegi til föstudags á tímabilinu 25. apríl til 13. júní.

Í sumarveiði frá 18. júní til 5. ágúst eru seldir 3 dagar saman með skiptingu á miðjum degi.(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Í haustveiði sem er tíminn frá 5. ágúst til 18. okt. eru seldir tveir dagar saman með skiptingu á miðjum degi.

Veitt er með fjórum stöngum allan veiðitímann.

Frá 1 apríl til 18.október er leyft að veiða alla ána allan tímann í stað takmarkana sem áður voru.

Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni.

Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.

ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 15-21 frá 1. apríl-1. maí, 7-13 og 16-22 frá 1. maí-14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21.

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimilud verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.

Veiðihús

Mjög gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum (kojur), eld-



Adam Sigurðsson með 7 punda maríulax úr Geirlandsá.



Páll Ingólfur Arnarson með 8kg birting í Hvannhillu.

húsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu. Útbúið helstu raftækjum ásamt eldavél með bakarofni.

Gasgrill er á staðnum.

Lykill að veiðihúsinu er geymdur á bænum Geirlandi og á að skila honum þangað að dvöl lokinni.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Öll aðstaða við Geirlandsá er mjög góð og hvetjum við fólk til þess að nýta sér þann möguleika að kaupa veiðileyfi á sumartímanum gegn vægu gjaldi og njóta hússins og útiverunnar.

Ódýr sumarleyfi

Tíminn frá 18. júní til 5. ágúst eru seldir 3 dagar saman.

(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Leyfilegt er að veiða á fjórar stangir þessa sumardaga.

Hvort holl kostar til félagsmanna

43,200 krónur nema tímabilið

2/8-5/8 sem kostar kr. 68,400.

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Veiðin 2015

Í ár veiddust 353 sjóbirtingar, 30 laxar og 6 bleikjur.

Í vor veiddust 87 sjóbirtingar, 8 voru á flugu en 79 á spún og var 45 birtingi sleppt aftur.

Alls var 95 sjóbirtingum sleppt í ár.

Vorveiði 87 sjóbirtingar.

Haustveiði 266 sjóbirtingar.

Laxveiði 30 laxar.

Sú breyting er á að ekki verður birt meðalþyngd fiska þar sem erfitt er orðið um vik að finna út þyngdir þar sem sleppingar á fiski gera það illmögulegt að hafa nákvæmar þyngdir.

Laxveiðin 2015

Skiptist þannig milli veiðistaða.

1. Ármót	3 laxar.
3. Tóftarhylur	1 lax.
4a. Búrhylur	1 laxar.
4b. Matrið	1 lax.
6. Kleifarnef	13 laxar.
7. Fernishylur	4 lax.
7a. Rafstöðvarstrengur	2 laxar.
13. Breiðtorfuhylur	1 laxar.
17. Lundasteinar	1 lax.
18. Höðabólshylur	2 laxar.
20. Eyjahylur	1 lax.
Samtals	30 laxar.

Yngstu veiðimennirnir

Að þessu sinni er engan að finna í veiðibók sem fellur í þennan flokk og hvetjum við veiðimenn og konur að taka ungvíðið með til veiða og leyfa þeim að kynna þeim töfrum sem veiðin býr yfir.

Viljum við minna fólk á að skrá vel aldur ef um unga og uppnemandi veiðimenn er að ræða.



Guðjón V. Reynisson með birting í Ármótunum.



Kristín Þóra Benediktssdóttir með feng úr Kleifarnefi.



Atli Ragnar Óskarsson með vænan birting úr Kleifarnefinu.

Stærstu fiskarnir

Eins og vel er þekkt á þessu svæði veiðast á hverju ári stórir sjóbirtingar. Í haust veiddist 21 birtingur sem voru 5,0 kg og yfir, sem er mjög gott hlutfall af veiði ársins.

Í vor var nokkuð mikið af stórum fiski á ferðinni og var mikið um fiska sem voru 70 cm og yfir. Þann 4. apríl veiddi Óskar Gunnarsson sjóbirting á grænan Jensen spún, var það veiðistaðurinn Ármót sem gaf þennan bolta sem reyndist vera hængur og var mældur 80 cm langur. Var þessum höfðingja að

sjálfsögðu gefið líf. Þá setti Arnar Óskarsson í boltabirting 4. apríl og tók hann Reflex spún, var það á Görðunum. Var þessi hængur einnig mældur 80 cm og var honum sleppt að viðureign lokinni. Þann 9. apríl kom Þriðji 80 cm hængurinn á land og var það Bjarni Páll sem setti í hann á rauða Lippu og var það í Ármótunum. Var honum að sjálfsögðu sleppt að viðureign lokinni.

Í haust var mikið af stórfiski á ferðinni og ætlum við að minnst á þá stærstu. Sá stærsti kom á land 29. sept og var þar á ferðinni aflaklóin Páll I. Arnarson. Landaði hann hæng í Hvannahillu sem

var samkvæmt veiðibók 87,5 cm og 8,0 kg. Tók þessi rumur svartan Toby. Þann 21. sept setti Gunnar J. Óskarsson í sjóbirting í Mörtungunefi sem var 83 cm og 7,5 kg. Var það flugan Black Ghost keiluhaus sem gaf þennan bolta. Einnig setti Gunnar í og landaði í þessum sama túr tveimur öðrum sjóbirtingum sem reyndust vera 7,0 kg og tóku þeir báðir í Ármótunum bláan hammer. Reyndust þetta vera hængur og hrygna og var þeim sleppt. Til gamans má benda á að Gunnar setti í 24 sjóbirtinga og 1 lax í þessari veiðiferð og var meðalþyngd sjóbirtinganna hvorki meiri né minni en 4,54 kg

eða 9 pund. Ótrúlegar tölur !!

Stærsta laxinn á þessu ári náði áður nefndur Gunnar J. Óskarsson að setja í á maðk í Kleifarnefinu 13. sept, reyndist hann vera 4,5 kg hrygna.

Flugufiskar

Stærsta sjóbirtinginn á flugu sem var vigtaður fékk tittnefndur Gunnar J. Óskarsson í Mörtungunefi 21. sept, var þetta hængur sem vóg 7,5 kg og skellti hann sér á fluguna Black Ghost keiluhaus.

Stærsta laxinn á flugu fengu samkvæmt veiðibók þeir félagarnir Benni og Gunnar en þeir eru skráðir saman þannig að ekki er hægt að segja með vissu hvor þeirra fékk hann. Var þetta 65 cm og 2,3 kg þungur lax en kynið er ekki gefið upp. Var þetta 11. sept í Kleifarnefi og tók hann Flæðarmús.

Þá skal það ítrekað að það er ekki leyfilegt að veiða á maðk í vorveiðinni.



Ágúst Páll hampar fallegum júlí laxi.....



...og sömuleiðis Arnór G Ragnarsson.

Eftirfarandi veiðisvæði býður SVFK uppá í umboðssölu frá SVH

Við viljum vekja athygli á því að eftirfarandi dagar verða eingöngu til umsóknar þar til úthlutun til félagsmanna lýkur, eftir það verður þeim dögum sem ekki seljast skilað.

Hlíðarvatn í Selvogi

Þetta frábæra bleikjuveiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabíl verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn er fluga og spónn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalinn og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

*ATH í ágúst og sept er greitt fyrir þrjá stangir en leyfi veitt til veiða með fimm stöngum.

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
7/5	5	6.000,-
15/6	5	5.000,-
9/7	5	6.000,-
10/7	5	6.000,-
10/8	*3(5)	3.000,-
14/8	*3(5)	4.000,-
31/8	*3(5)	3.000,-
1/9	*3(5)	3.000,-

DJÚPAVATN á Reykjanesi

Sannkölluð fjölskylduparadís.

Veiðihús með 8-10 svefnplássum, gott útigrill og fallegt umhverfi.

Stangarföldi er takmarkaður við 10 stangir og ekki er heimilt að veiða af bát. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.

Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið.

Verðskrá:

Verð fyrir húsið og allt vatnið pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
24/6	10	14.000,-
25/6	10	17.000,-
6/7	10	14.000,-
21/7	10	14.000,-
10/8	10	14.000,-



Veislubjónusta

Fermingaveislur

Fermingabækur

Kransakökur

Pantið tímanlega



Sigurjónsbakarí - Hólmgarði 2 - Sími 421 5255 - 821 5255 - sigbak@mitt.is - sigurjonsbakari.net



Fossálar

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Fjögurra daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags.	Stangir	Félagsmenn.	Aðrir
20/6-7/8	3	1.800,-	2.100,-

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags.	Stangir	Félagsmenn.	Aðrir
7/8-23/8	3	13.600,-	15.640,-
23/8-2/9	3	16.800,-	19.320,-
2/9-18/10	3	22.900,-	26.335,-

Veidihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 6/7-10/7, 18/7-22/7, 30/7-3/8, 9/8-11/8, 17/8-19/8, 6/9-8/9, 20/9-22/9 og 4/10-6/10.

Staðsetning

Fossálar eru í Skaftárhreppi í V-Skafta-fellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Fossálar falla til Skaftár austast á Síðunni.

Fossálar er nokkuð vatnsmikil á sem á upptök sín sunnan undir Miklafelli á Austur-Síðuafrétti í um 550-600 m h. y. s.

Leiðarlýsing að húsi

Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið. Þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur.



Veidihús

Mjög gott veiðihús er við ána og er aðstaða þar eins og best verður á kosið. Húsið er staðsett við hraunjaðarinn við syðri-Ál í ákaflega fallegu umhverfi, en



Veidistaður nr 16 í Fossálanum er einn gjöfulasti veiðistaður árinna.

náttúrufegurð svæðisins er einstök.

Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi (kojur) setuaðstaða, sturta, eldhúskrókur með ísskáp, eldavel og kælikistu.

Gasgrill er á staðnum.

Veidimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veidimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Umngengi dvalargesta hefur verið með ágætum bæði í húsinu og umhverfi þess og er öllum hlutaðeigandi til sóma.

Veidimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veidissvæðið

Veidissvæðið nær frá landamærum gegnt

Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðveg-arbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðissvæði Vatnamóta tekur við.

Syðri-Áll er einnig með þessu svæði og eru upptök hans við hraunbrúnina, hjá veiðihúsinu og sameinast Fossálum á Brunasandi. Rétt er að veita því svæði nokkra athygli því þar er oft ágæt veiði þó svo það láti lítið yfir sér.

Veiðin er bleikja fyrri hluta sumars, sjóbirtingur er líða tekur á haustið. Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna

Veiditilhögun

Veiditímabil er frá 20. júní – 18. okt.

Veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímamann.

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímamann sem stendur frá 20. júní til 7. ágúst. Eftir 7. ágúst er veitt í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon.

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu, (10. okt.-18. okt.), síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd.

Veidin 2015

Ágætis veiði var í Fossálum í ár, það voru 128 fiskar færðir til bókar og þar af veiddust 113 birtingar. Meðalþyngd þeirra var 2,4kg og voru 15 birtingar 4kg eða stærri.

Stærstu fiskar:

Sigurjón G. Arnarson landaði 5,6kg sjóbirting á veiðistað 8, þann 14. september á maðk.



Stefán Ólafsson búinn að setja í hann á veiðistað nr 8.



Guðmundur Hreinsson með fallegan fisk.


Gunnlaugur Einarsson landaði 5,0kg sjóbirting á veiðistað 19, þann 17. september á flugu.

Jón Vignir Karlsson landaði 5,0kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 22. september á Lippu.

Símon Auðunsson landaði 5,0kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 22. september á Lippu.

Hjalti Sigmundsson landaði 5,0kg sjóbirting á veiðistað 14, þann 9. október á maðk.

Árnefnd vill þakka veiðimönnum fyrir góða umgengi á húsi og veiðissvæði og vonast eftir góðu samstarfi við veiðimenn áfram.



Ódýr gisting og veiðileyfi

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímamann sem stendur frá 20. júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum.

Hvert holl kostar 21.600 krónur.



Stefanía Helga Björnsdóttir að þreyta í Hrolleifsdalsá.

Hrolleifsdalsá

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags.	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
22/6 – 30/6	3	7,900,00	9,000,00
30/6 – 2/9	3	9,900,00	11,200,00
2/9 – 18/9	3	7,900,00	9,000,00

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Ath! Hapdrættis og veiðidagar SVH sem koma ekki til úthlutunar:
26/6-28/6, 6/7-8/7, 14/7-16/7, 28/7-30/7, 7/8-9/8, 25/8-27/8, 4/9-6/9, 10/9-12/9.

Staðsetning

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þar bjó forðum galdraklerkurinn Hálfán á Felli.

Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun

Veiðitímabil er frá 20. júní – 20. sept.

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímamann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13



Veiðihús.

Þóra Steindórsdóttir á bökkum Hrollu með silung.



og 15-21 Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.

Veiðihús

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsófi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt



Ólafur Karl og Jón Þór.



Hafsteinn Þórisson alsell með aflbrögð.



Sigfús Þormar með nýrunninn smálax.



sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veiðin 2015

Veiðin í sumar var þokkaleg og veiddust 303 fiskar.

Veiðin skiptist í 119 bleikjur, 164 urriða og 20 laxa.

Fyrsti laxinn kom á land þann 21. júlí og var það 2,5 kg. hrygna sem tók fluguna Alma Rún og var það Karl O. Þórðarson sem það gerði.

Stærsti lax sumarsins kom á land 5. ágúst og var það Ellert Þór Svavarsson sem setti í 5.1 kg. og 78 cm hæng á lyppu í veiðistað nr. 8.

Aukningin á milli ára er rúmlega 40 fiskar en athygli vekur fjöldi veiddra urriða sem veiddust eða um 110 fleiri en árið áður en það kom að sama skapi niður á bleikjuveiðinni sem dalaði töluvert.

Það er áhyggjuefni á landsvísu hvað bleikjuveiðin hefur verið að dala ár frá ári og virðist sem hlýnun sjávar undanfarin ár fari ekki vel í bleikjuna. Nú virðist þetta ætla að snúast við og erum við að sigla inn í kaldari ár í sjávarhita. Vonum við að það komi bjartari tímar og stærri göngur komi í ána.

Shimano Sedona FE **Nytt í 2016**

Shimano Stradic FK HG **Nytt í 2016**

Rapala Maxrap Long Range Minnow **Nytt í 2016**

Møresilda LTD

Rapala Tactics **Nytt í 2016**

Sufix 21 FC **Nytt í 2016**

Rapala
Rapala VMC Iceland ehf

Nýjar veiðivörur frá Rapala VMC. Fást í öllum helstu veiðibúðum um land allt. Skoðið allt úrvalið á www.elbe.no



Reykjadalsá

Klettsfoss.

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Stakur dagur frá hádegi til hádegis

Dags.	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
22/6-30/6	2	9,900,00	11,385,00
30/6-8/7	2	17,200,00	19,780,00
8/7-16/7	2	26,500,00	30,475,00
16/7-24/7	2	28,800,00	33,120,00
24/7-1/8	2	32,200,00	37,030,00

Tveggja daga holl með skiptingu á hádegi

Dags.	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
1/8-9/8	2	34,500,00	39,675,00
9/8-21/8	2	38,000,00	43,700,00
21/8-29/8	2	40,300,00	46,345,00
29/8-24/9	2	44,900,00	51,635,00
24/9-28/9	2	42,600,00	48,990,00

Ath! Happdrættis og veiðidagar SVH sem koma ekki til útlutunar:

22/6-24/6, 29/6-30/6, 4/7-6/7, 6/7-8/7, 18/7-20/7, 30/7-1/8, 17/8-19/8, 12/9-14/9

Við vekjum sérstaka athygli á fyrirkomulagi fyrirhluta sumars þar sem boðið er uppá staka daga með skiptingu á miðjum degi. Einnig er hægt er að sækja um tvo samliggjandi daga á þessum veiðitíma. Þetta fyrirkomulag mun verða til 1. ágúst en þá verða tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi eingöngu í boði eins og verið hefur undanfarin ár.



Veiðihús við Reykjadalásá.

Staðsetning

Reykjadalsá í Borgarfirði á upptök sín við rætur Oks og rennur um Reykholtisdal framhjá þeim sögufræga stað Reykholti.



Kári Ársælsson með fallegan flugulax úr Eyjafljótinu.

Áin sameinast svo Flókadalsá og renna þær saman í Hvítá við Svarthöfða. Ef komið er frá Reykjavík er beygt til hægri af Þjóðvegi 1 áður en farið er yfir Borgarfjarðarbrúna og inn á Borgarfjarðarbraut (veg nr. 50) eknir eru um 30 km sem leið liggur fram hjá afleggjurunum inn í Skorradal og til Hvanneyrar og síðan framhjá syðri afleggjaranum inn í Lundareykjadal. Yfir Grímsá alla leið til Kleppjárnareykja og er þar tekin fyrsta beygja til hægri, ekið framhjá félagsheimilinu Logalandi, fljótlega eftir það er tekin vinstri beygja inná slóða til veiðihússins.

Veiðitilhögun

Veiðitímabil er frá 20. júní – 28. sept.

Veitt er með tveimur veiðistöngum allan veiðitímamann og geta tveir menn skipt með sér einni stöng en skulu fylgjast að við veiðar.

Seldir eru stakir dagar frá 20. júní til 1. ágúst með skiptingu á miðjum degi en eftir það eru seldir tveir dagar með skiptingu á miðjum degi.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu og maðk.

Veiðihús

Gott veiðihús er við ána, svokallaður A bústaður og er hann staðsettur rétt norðaustan við félagsheimilið Logaland. Í húsinu eru tvö tveggja manna svefnherbergi og svefnloft með dýnum fyrir þrjá. Einnig er sturta, setustofa og eldhúskrókur með ísskáp, eldunarhellum og öllum helstu borð og mataráhöldum. Gasgrill er á staðnum. Við húsið er heitur pottur og nóg heitt vatn er á staðnum. Gott er að fara í pottinn og láta sér líða vel að loknum veiðidegi.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 á brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veiðin síðastliðin 11 ár

2005 veiddust	200 laxar
2006 veiddust	107 laxar
2007 veiddust	196 laxar
2008 veiddust	270 laxar
2009 veiddust	251 laxar
2010 veiddust	231 laxar
2011 veiddust	160 laxar
2012 veiddust	45 laxar
2013 veiddust	296 laxar
2014 veiddust	170 laxar
2015 veiddust	335 laxar
Meðaltal	205 laxar á ári



Óli Baldur Bjarnason með nýrunninn lax í Breiðafljóti.



Jóhannes Sigvaldason með fallega veiði úr Tunnubakkanum.



Helgi Rúnar Hafsteinnsson 11 ára með maríulaxinn sinn.

Stærsta lax sumarins veiddi Friðrik og Tryggvi 6.5 kg lax þann 24 sept í Klettsfljóti á fluguna svarta frances nr. 10. Einnig veiddist 5.5 kg lax þann 21 ágúst í Grímstaðafljóti á fluguna Fryggi og voru þar á ferð Þorsteinn og Guðrún. Einnig veiddust nokkrir 5.0 kg laxar.

Meðalþyngd á þessum 335 löxum var í kringum 2.5 kg.

Veiði milli mánaða skiptist þannig í júní 2 laxar, júlí 51 lax, ágúst 117 laxar og sept. 165.

Flesta laxa gaf Breiðafljót nr. 18 eða 53 laxa og Eyjafljót nr. 22, 45 laxa og Tunnubakki nr. 23, 42 laxa. Veiðin dreifðist mjög vel um alla á og voru 19 merktir staðir sem gáfu laxa.

Yngsti veiðimaðurinn

Þetta árið var yngsti veiðimaðurinn Helgi Rúnar Hafsteinnsson 11 ára gutti.

Við viljum biðja menn um að skrá vel aldur yngri veiðimanna þar sem veittur er bikar fyrir stærsta fisk veiddan af börnum félagsmanna 16 ára og yngri.

Metár 2015

Glæsileg veiði var síðasta sumar og var sett met frá því að skráningar hófust en það veiddust 335 laxar og 35 urriðar.



Sveinn Ormsson með fallega júlilaxa.




Ásdís Guðbrandsdóttir veiddi fyrsta lax sumarsins í opnun árinna.



Íslandsbanka Appið

Léttu þér lífið með Íslandsbanka Appinu



Við erum stöðugt að þróa Íslandsbanka Appið til að léttu þér lífið í dagsins önn.

- Hærri úttektarheimild í Hraðfærslum
- Yfirlit og greiðsla ógreiddra reikninga
- Yfirlit og staða reikninga
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Vildartilboð Íslandsbanka og fjöldi annarra aðgerða
- Verðbréfafirlit VÍB

Sæktu Íslandsbanka Appið á islandsbanki.is/app